

## Viðburðaríkt metár að baki

Ársreikningur Skeljungs hf. fyrir rekstrarárið 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 16. febrúar 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann án fyrirvara.

- Hagnaður á hlut var 0,56 en var 0,1 á árinu 2015.
- Besta rekstrarár í sögu félagsins.
- Aukinn markaðshlutdeild í þremur af fjórum eldsneytistegundum.
- Framlegð ársins nam 7.283 m.kr. og eykst um 7,1% frá fyrra ári – framlegð fjórðungsins nam 1.582 m.kr. og jókst um 6% á milli ára.
- EBITDA hagnaður ársins nam 2.763 m.kr. sem er 3,3% aukning milli ára – EBITDA hagnaður í fjórðungnum nam 461 m.kr. sem er aukning um 24,9%.
- EBITDA framlegð ársins var 37,9% miðað við 39,3% árið áður.
- Hagnaður ársins nam 1.262 m.kr. samanborið við 1.124 m.kr. árið 2015<sup>1</sup> sem er 12,3% aukning milli ára.
- Arðsemi eigin fjár var 16,9% samanborið við 13,8% á árinu 2015<sup>1</sup>.
- Eigið fé þann 31.12. nam 7.112 m.kr. og eiginfjárlutfall var 38,9% í árslok.

## Lykiltölur



	2016	2015	Δ%	4F 2016	4F 2015	Δ%
Framlegð	7.283	6.798	7,2%	1.581	1.498	5,6%
EBITDA	2.763	2.675	3,3%	462	369	25,2%
EBIT	2.050	1.895	8,2%	280	136	105,9%
Hagnaður	1.262	1.124	12,3%	157	38	313,2%
Launakostnaður/framlegð	30,6%	30,5%	0,3%	37,3%	38,4%	-2,9%
Sölu.dreif.kostn./framlegð	26,0%	27,3%	-4,8%	33,0%	31,4%	5,1%
Rekstrarkostn./framlegð	64,0%	64,1%	-0,2%	73,2%	73,7%	-0,7%
Arðsemi eigin fjár <sup>1</sup>	16,9%	13,8%	22,5%	9,1%	1,9%	378,9%

<sup>1</sup> Hagnaður og arðsemi eigin fjár án virðisrýmunar 2015

## Horfur fyrir árið 2017

Gert er ráð fyrir að hagfelld skilyrði verði á mörkuðum félagsins miðað við spár greiningaraðila, sem gera ráð fyrir áframhaldandi hagvexti og fjölgun ferðamanna. Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Styrking íslensku krónunnar mun áfram hafa áhrif á rekstramiðurstöður félagsins, sér í lagi gagnvart dönsku krónunni, vegna erlends hluta starfseminnar. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Á árinu 2016 var meðalgengi DKK/ISK 17,94. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 16,7. Þá er gert ráð fyrir samningsbundnum launahækkunum auk þess sem horft er til innkomu nýrra aðila á markað.

Félagið gerir ekki breytingar á áætlunum sem kynntar voru í aðdraganda skráningar og reiknar með að EBITDA ársins verði á bilinu 2.400 – 2.700 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 750 – 850 m.kr.

Síðla árs 2016 samþykkti stjórn arðgreiðslustefnu fyrir félagið. Stefnan gerir ráð fyrir að á bilinu 30-50% af hagnaði hvers árs verði greiddur út í formi arðs eða endurkaupa eigin bréfa. Eins og fram kom í lýsingu félagsins þann 14. nóv. sl. mun stjórn leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður fyrir rekstrarárið 2016.

## Árið 2016 í hnotskurn

### Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs:

*„Niðurstaða ársins 2016 er ánægjuleg og sýnir að þær stefnuáherslur sem við höfum verið að innleiða undanfarin ár eru að skila sér. Árið var í senn metár í rekstri Skeljungs og viðburðaríkt, þar sem hæst bar taka hlutabréfa í Skeljungi til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland en undirbúningur þess lítaði óhjákvæmilega starfsemina á árinu. Stóraukin sala til erlendra aðila, aukin markaðshlutdeild og umsvif voru einkennandi fyrir árið. Kröftugur hagvöxtur er á báðum mörkuðum félagsins og spár um framtíðarhorfur jákvæðar. Við lítum björtum augum fram á veginn bæði hér heima og í Færeyjum og byggjum á sterkum grunnrekstri sem við höfum þó tækifæri til að bæta enn frekar.“*

### Helstu tíðindi og áfangar á árinu:

- Í apríl var vörumerkinu Shell, sem um áratuga skeið hafði verið á þjónustustöðvum félagsins, skipt út fyrir vörumerkið Skeljungur. Samstarf félagsins við Shell heldur þó áfram á ýmsum vettvangi svo sem í smurólíum, öryggis- og gæðamálum o.fl.
- Það er stefna Skeljungs að vera leiðandi í breytingum á eldsneytismarkaði. Hluti af þeirri framtíðarsýn er þátttaka í evrópska samstarfsverkefninu, *European Fuel Cells and Hydrogen Joint*

*Undertaking*, sem fellur undir verkefnið H2ME-2 - [www.h2me.eu](http://www.h2me.eu), sem stýrt er af Evrópusambandinu. Af því leiddi stofnun Íslenska vetnisfélagsins ehf. á árinu 2015. Mikil vinna fór fram við að þróa hugmyndina á árinu 2016 og nýverið hlaut félagið styrk að fjárhæð 2,7 m. evra frá Evrópusambandinu til byggingar þriggja vetnisstöðva og munu stöðvarnar verða teknar í notkun á árunum 2018-2019. Uppbyggingin verður unnin í samvinnu við norska fyrirtækið Nel ASA. Samhliða mun Skeljungur hefja uppbyggingu hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla sem byggir enn frekar undir þá stefnu félagsins að vera fyrsti valkostur bifreiðaeigenda óháð orkugjafa.

- Hlutabréf í Skeljungu voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland þann 9. desember en áður hafði 31,5% hlutur í félaginu verið seldur. Umfram eftirspurn var í útboði félagsins, sem lauk þann 30. nóvember. Hluthafar félagsins í árslok voru um 1.900 en höfðu verið tveir fram að því.
- Undir árslok tilkynnti Skeljungur að náðst hefði samkomulag við Arion banka, Bank Nordik og Eik banka í Færeyjum um helstu skilmála og kjör vegna endurfjármögnunar allra skulda samstæðunnar. Samkvæmt nýjum lánaskilmálum reiknar félagið með að fjármögnunarkostnaður félagsins geti lækkað um allt að 160 – 170 m.kr. á ársgrundvelli, auk þess sem hið nýja fyrirkomulag dregur úr gjaldeyrisáhættu félagsins vegna eignarhluta þess í dótturfélaginu Magn í Færeyjum. Reiknað er með að samningsgerð ljúki fyrir lok fyrsta ársfjórðungs.

## Kynningarfundur



Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn á Nordica Hilton Reykjavík, fundarsal I, föstudaginn 17. febrúar 2017. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 08:15. Þar munu stjórnendur félagsins fara yfir uppgjör og horfur.

Allt efni fundarins verður aðgengilegt fjárfestum að honum loknum á heimasíðu Skeljungs, [www.skeljungur.is/fjarfestar](http://www.skeljungur.is/fjarfestar), sem og á fréttasíðu Nasdaq Iceland.

## Fjárhagsdagatal 2017



Aðalfundur 2017 - 16. mars 2017

Uppgjör 1F 2017 - 27. apríl 2017

Uppgjör 2F 2017 - 24. ágúst 2017

Uppgjör 3F 2017 - 26. október 2017

Nánari upplýsingar veitir Valgeir M. Baldursson, forstjóri í síma 840-3022 og netfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is)



Skeljungur